

Íbúaeldhús

Íbúar og aðstandendur geta bakað með kaffinu eða matreitt í íbúaeldhúsum ef áhugi er fyrir því. Nauðsynlegt er að hafa samráð við verkefnastjóra fyrir fram, hafa með sér hráefnið og ganga frá að verki loknu.

Opnunartími eldhúss:

Virkir dagar kl. 7.00 – 18.30
Helgar og hátíðardagar kl. 8.00 - 18.00

Hjúkrunarheimilið Sóltún er reyklaust

Útgefandi:
Sóltún, hjúkrunarheimili
Sóltúni 2
105 Reykjavík
Símanúmer: 590 6000
www.soltun.is
soltun@soltun.is

10. útg 2019



HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR
ÚR ELDHÚSI SÓLTÚNS



Í þessum bæklingi má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um þjónustu eldhúss Sóltúns.

Kaffitería

er opin alla daga fyrir íbúa, gesti þeirra og starfsfólk Sóltúns nema þegar skipulagðar samkomur eru í salnum, s.s. einkasamkvæmi og gestamóttökur. Sóltún býður upp á heita og kalda drykki allan daginn.

Gestir eru hvattir til að nýta sér góða aðstöðu í kaffiteríu og er velkomið að koma með kaffimeðlæti að heiman. Það getur verið skemmtileg tilbreyting að drekka saman eftirmiðdagskaffið í teríunni.



Fólk er beðið um að setja óhreint leirtau á hjólavagn sem þar er og skilja við eins og komið var að. Vinsamlegast athugið að fara ekki með leirtau út úr kaffiteríunni.

Leirtau er í íbúaeldhúsum hverrar hæðar. Gosdrykkjasjálfsali er á 1. hæð.

Rétt er að geta þess að Sóltún er reyklaust heimili og á það við jafnt innan húss sem utan.

Undantekning er sérstakt reykherbergi fyrir íbúa á 3.hæð. Gestum er ekki heimilt að reykja þar.

Samkomusalur Sóltúns

Dagleg starfsemi í salnum er mikil og til að geta komið til móts við óskir fólks þarf að hafa fyrirvara á bókunum. Íbúar og aðstandendur þeirra geta fengið salinn leigðan ef halda skal upp á afmæli íbúa með ættingjum og vinum. Miðað er við 10 manns eða fleiri og er grunngjaldið kr. 10.000 fyrir 3 klst.

Innifalið í grunngjaldi er kaffi, te, mjólk, þrif á gólfum og notkun á búnaði. Greiða þarf aukalega fyrir lengri tíma. Salurinn tekur 60 manns í sæti. Pantanir á sal þurfa að berast tímanlega til móttöku Sóltúns í síma 590-6003. Staðfesta þarf pantanir á þar til gerðu eyðublaði í móttöku Sóltúns.



Í samkomusalnum er kaffistell, borðbúnaður og hitakönnur. Hægt er að fá sér kaffi úr sjálfvirkri kaffivél, te, vatn og sódavatn.

Pantanir á veitingum

Sóltúnseldhús býður veisluþjónustu gegn vægu gjaldi. Í boði er kaffihlaðborð með 5 tegundum af kökum og brauði.

Upplýsingablað fæst í móttöku. Munið að tilgreina nafn þess sem pantar, heimilisfang og símanúmer. Reikningur á nafni aðstandanda er síðan sendur til innheimtu.

Pantanir þurfa að berast tímanlega til næringarekstrarfræðings Sóltúns í síma 590-6009 eða með tölvupósti til vigdis@soltun.is.

Aðrir veitingamöguleikar standa til boða í samráði við næringarekstrarfræðing sem veitir fúslega nánari upplýsingar.

Að borða saman

Maki eða nánasti ættingi íbúa í Sóltúni getur keypt máltíðir gegn gjaldi og borðað í borðstofu sambýlis. Hafið samband við móttöku eða vakthafandi hjúkrunarfræðing til að panta mat sem sendir pöntun til eldhúss. Greitt er fyrir máltíðir í móttöku á 1.hæð.

Afmæli íbúa í sambýlum

Starfsfólk Sóltúns leitast við að gleðja íbúa á afmælisdögum. Boðið er upp á tertu með kaffinu í sambýli íbúans eða eftir því sem hann óskar sjálfur. Ýmist er bökuð súkkulaðiterta eða rjómaterta. Afmæliskaffið er ætlað íbúanum og sambýlingum hans.



Ef ættingjar fjölmenna er mælt með að þeir hafi með sér kaffibrauð. Hjúkrunarstjórar annast pantanir og skal senda þær með tölvupósti til eldhússins með minnst tveggja daga fyrirvara.

Hátíðir



Alla sérstaka hátíðisdaga er íbúum Sóltúns boðið upp á hátíðarmatseðil og drykkjarföng. Lagt er á borð með sparidúkum og viðeigandi servéttum á sunnudögum og öðrum hátíðisdögum og fínt bakkelsi er með kaffinu þá daga.